

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 5. mgr. 12. gr., 17. gr. og 8. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. janúar 2005 að telja um 5% frá því sem þau voru í desember 2004.

Neðra frítekjumark (tekjumark) aldurstengdrar örorkuuppbótar sem tiltekið er í 15. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skal vera það sama og efra tekjumark örorkulífeyris skv. 5. mgr. 12. gr. sömu laga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., 15. gr., 17. gr. og 43. gr. sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 992/2003 um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, Sultartangalína 3.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, frá 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að lögð er 400kV háspennulína, Sultartangalína 3, um 50-60 m norðan við Sultartangalínu 1, frá tengivirki á Sandafelli að sveitarfélagamörkum við Hrunamannahrepp vestan við Stóru-Laxá. Á móts við Háafoss beygir Sultartangalína 3 frá Sultartangalínu 1 og fer yfir Fossá 700 m norðar en línurnar koma aftur saman um 3 km vestan við ána.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.